

Öldungadeild - Skýrslutæknifélag Íslands

Skýrslufundur 20. febrúar, 2013, kl. 12:00 til 13:30

Staður: Hjá Reiknistofu Bankanna, Hlíðarsmára 19.

Fyrir fundinn var kynning á RB sem Þorsteinn Björnsson flutti af miklum móð. Hádegisverður og húsnæði voru í boði Reiknistofu Bankanna og er hér þakkað fyrir það.

Til staðar voru í upphafi fundar:

Arnlaugur Guðmundsson	Jóhann Gunnarsson	Ómar Kristinsson
Ágúst Úlfar Sigurðsson	Jóhannes Ágústsson	Sigrún Harpa Hafsteinsdóttir
Bergsveinn Þórarinnsson	Jón Gestur Viggósson	Sigurður Bergsveinsson
Björn Gunnarsson	Jón Örn Höskuldsson	Þorsteinn Hallgrímsson
Hjálmtýr Guðmundsson	Kjartan Ólafsson	Örn Kaldalóns

Hjálmtýr þurfti að hverfa af fundi eftir inngangserindi Þorsteins Björnssonar.

Formaður Þorsteinn Hallgrímsson setti fundinn. Hann stakk upp á Jóhanni Gunnarssyni sem fundarstjóra. **Samþykkt.** Sungið var upp á Arnlaugi Guðmundssyni sem fundarritara. **Samþykkt.**

Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf formanni orðið. Þorsteinn Hallgrímsson formaður las skýrslu stjórnar, hún fylgir hér með. Næsta stóra verkefni er að flokka, skrá og þakka niður munum Landsbankans hf í samvinnu við vörslustjóra búnaðarins.

Jóhann fjallaði um söguvefinn en nokkur vandkvæði hafa verið við að setja efni á hann. Fyrir milligöngu ÁÚS eru komnar tvær greinar; minningar frá Helga Sigvaldasyni og grein um upphaf hraðbanka á Íslandi eftir Val Valsson f.v. bankastjóra Iðnaðarbankans. Þá hefur fengist leyfi til að setja grein um PC-væðinguna á Íslandi í safnið. Jóhann upplýsti fundinn einnig um að ISNIC sé búið að ráða sagnfræðing til að skrá sögu internetsins á Íslandisem eflaust verður fróðlegt. Einnig minntist hann á að saga ð-sins hafi komið út fyrir síðustu jól.

Kjartan sagði frá sögusýningunni í Geysishúsinu. Árbæjarsafn tók við mununum en er ekki tilbúið að taka við fleiri munum.

Stjórnarkjör

Sigurður Bergsveinsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Aðrir hafa ekki látið uppi óskir um að hætta. Stungið var upp á Bergsveini Þórarinssyni. **Samþykkt.** Í stjórn og varastjórn sitja þá: Ágúst Úlfar Sigurðsson, Bergsveinn Þórarinnsson, Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar Höskuldsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns. Stjórnin skipar með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Önnur mál

Jóhann upplýsti að hann hafi afhent Minjasafni Skýrr stjórnborð af 1401 tölvu á 50 ára afmæli fyrirtækisins, með skilyrðum. JG framseldi á fundinum Öldungadeildinni rétt sinn til þess að endurheimta gjöfina í sinn stað, komi til þess að Minjasafnið verði aflagt eða ekki verði af öðrum orsökum hægt að sjá það. Var það **þegið** með þökkum. Hafa þarf samband við Advania (áður Skýrr) vegna þessa.

Fleira ekki gert. Formaður sleit fundi.